

37. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 24.10. 2024, kl. 09:00

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson oddviti og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Mættur undir 1. Lið Ingvar Rafn Stefánsson verkefnastjóri hjá endurskoðunarfyrtæki sveitarfélagsins.

Dagskrá:

1. Fyrri umræða, fjárhagsáætlunar 2025 og þriggja ára áætlun.
2. Önnur mál

1. Fyrri umræða, fjárhagsáætlunar 2025 og þriggja ára áætlun.

Ingvar fór yfir og útskýrði forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2026-2028. Að loknum umræðum var lögð fram eftirfarandi bókun: Sveitarstjórn samþykkir til síðari umræðu framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2025, ásamt þriggja ára áætlun 2026 – 2028. Jafnframt var samþykkt að sveitarstjórnarmenn skili inn ábendingum til sveitarstjóra/endurskoðanda er varða breytingar á fjárhagsáætluninni fyrir lok dags 20.11.2024. Haldinn verður kynningarfundur fimmtudaginn 21. nóvember kl. 17:00 fyrir íbúa um fjárhagsáætlun fyrir 2025 og 3 ára áætlun (2026- 2028), sveitarstjóra falið að auglýsa fundinn. Ingvar vék af fundi kl: 11:50.

2. Önnur mál

Fundargerð byggingar og skipulagsnefndar dags. 16. Október 2024 – samþykkt.

Deiliskipulag íbúðabyggðar í Hamborg í Fljótsdal – Viðbrögð við athugasemdum Skipulagsstofnunar – Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 12. júlí 2024.

Í athugasemdum Skipulagsstofnunar í bréfi dags. 10. október 2024 kom m.a. fram að stofnunin teldi að ekki hefði verið brugðist með fullnægjandi hætti við athugasemdum í umsögn Minjastofnunar Íslands við deiliskipulagstillöguna.

Byggingar- og skipulagsnefnd sveitarfélagsins tók athugasemdir Skipulagsstofnunar fyrir á fundi sem haldinn var þann 16. október 2024 og bókaði:

„Byggingar- og skipulagsnefnd telur að í ljósi niðurstöðu fornleifaskráningar og umsagnar Minjastofnunar er rétt að ákvörðun um framhald fornleifarannsóknna verði

gerð með hliðsjón af því sem kemur í ljós þegar grafinn verður könnunarskurður á bæjarstæði Hamborgar 3157-1.“

Fyrir liggur að árið 2008 var gerð fornleifakönnun á Bessastöðum í Fljótsdal, sem Hamborg var byggð út úr, í tengslum við vegagerð. Könnunin var unnin af Guðnýju Zoëga og ritstýrt af Steinunni Kristjánsdóttur. Við vinnslu hennar voru grafnir tíu skurðir á Þingvöllum við Bessastaðahaug en umrætt vegstæði lá skammt frá fyrirhugaðri íbúðabyggð í sama gamla árfarvegi. Niðurstaða fornleifakönnunarinnar var eftirfarandi:

„Allir skurðirnir voru með svipaða afstöðu jarðlaga og virðist sem þarna hafi fyrrum verið árfarvegur, enda merki um ár- eða lækjarmöl milli jarðlaga. Einu fornleifarannsóknarinnar sem vart varð við í skurðunum var koladreif í skurði 1 og torf og grjót neðan gjóskulags frá 1875 í skurði 3. Þetta torf virðist ekki vera í tengslum við neinar byggingar og myndar ekki greinilega vegghleðslu.

Að mati minjavarðar gáfu könnunarskurðir þessir ekki tilefni til frekari fornleifarannsóknar í vegstæðinu.“

Með hliðsjón af framangreindri fornleifakönnun svo og niðurstöðu fornleifaskráningar samþykkir sveitarstjórn afgreiðslu byggingar- og skipulagsnefndar frá 16. október 2024 um að framhald fornleifarannsóknar á umræddu deiliskipulagssvæði skuli ráðast af því sem í ljós kemur í könnunarskurði sem grafinn verði í bæjarstæði Hamborgar 3157-1.

Fundið slitið kl: 12:00

Halla ritaði fundargerð í tölvu.

Anna Jóna Árnarsdóttir

Halla Auðunardóttir

Jóhann F. Þórhallsson

Kjartan Benediktsson

Lárus Heiðarsson oddviti